



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2021

R20010147

05101

Borgarráð

Málefni skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að borgarráð samþykki viðauka við samkomulag um endurnýjun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, sbr. hjálagt erindi frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 8. desember 2021.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 8. desember 2021.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogi, 8. desember 2020
1501005 PBG/HH

Efni: Málefni skíðasvæðanna.

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. desember var til umræðu uppbygging á skíðasvæðunum.
Eftirfarandi var bókað:

Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Áframhaldandi umræða frá 515. fundi. Gestir fundarins undir þessum lið eru Björg Fenger fulltrúi í samstarfsnefnd Skíðasvæðanna, Magnús Árnason framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Rósa Steingrimsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðar, Margrét Lilja Gunnarsdóttir frá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur og Eyþóra Kristín Geirsdóttir frá embætti borgarlögmanns. Kynntar eru tillögur um framhald innkaupaferlis og uppfærð sviðsmynd vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirbyggjandi tillögur til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Samhliða er skrifstofu SSH falið að vinna viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, til samræmis við framlagðar tillögur. Málinu verður fylgt eftir með kynningu verði óskað eftir því af sveitarfélögunum.

Meðfylgjandi er m.a. minnisblað (merkt trúnaðarmál ásamt fylgiskjali) sem lagt var fyrir fund stjórnar SSH 30.nóvember og 7.desember en þar er tillögunni lýst. Um er að ræða nýja sviðsmynd framkvæmdanna sem lýst er í meðfylgjandi viðauka II við Samkomulag sveitarfélaganna frá 7.maí 2018.

Óskað er eftir því að meðfylgjandi viðauki við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða verði tekinn til efnislegrar umræðu og afgreiðslu og staðfestingar. Verði framkvæmdastjóra falið ótakmarkað umboð til þess að undirrita viðaukann.

Afgreiðsla málsins óskast send á ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Minnisblað verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðunum ásamt fylgiskjali, dags. 30. nóvember 2020. Trúnaðarmál.
- 2) Viðauki II við samkomulag um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018 ásamt fylgiskjali.

VIÐAUKI II

við samkomulag um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sameiginlegir rekstraraðilar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, þ.e. sveitarfélögin Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Garðabær, samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Viðauki, dags. 6. mars 2020, var gerður við greint samkomulag þar sem tiltekna breytingar urðu á áætlunum er varða m.a. tímasetningar og fjármögnun. Eftir að niðurstöður útboða lágu fyrir, svo og vegna áhrifa af Covid-19, varð ljóst að enn þurfti að breyta áætluninni með tilliti til fjármögnunar og tímasetninga. Umrætt samkomulag, svo og fyrri viðauki við það, halda gildi sínu að því marki sem ekki er mælt fyrir um breytingar á þeim hér.

Framangreindir aðilar samþykkja eftirfarandi breytingar á samkomulagi um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins,

1. gr.

Tímasetningar framkvæmda

Breytingar á gr. 2. í samkomulagi „2018-2024“ verður „2018-2026“.

Breytingar á gr. 2.1. í samkomulagi:

Bláfjöll:

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Drottning“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2022-2024 í stað 2019-2020.

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Gosi“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2021-2022 í stað 2022-2023.

Áætluð tímasetning framkvæmda á stólalyftu í Eldborgargili breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2025-2026 í stað 2023-2024.

Framkvæmdir vegna nýrrar toglyftu úr Kerlingadal verður seinkað til ársins 2026.

Skálafell:

Notuð stólalyfta ásamt nauðsynlegri aðstöðusköpun á endastöðvum. Áætluð tímasetning framkvæmda verður 2022-2023.

Grein 1 í viðauka við samkomulag frá 7. maí 2018, um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 6. mars 2020, fellur brott.

2. gr.

Framkvæmdakostnaður

Breytingar á 3. gr. í samkomulagi:

Breyting á 1. mgr. 3. gr.: „2018-2024“ verður „2018-2026“.

Fylgiskjal 1 með samkomulaginu er fellt úr gildi og í stað þess kemur nýtt fylgiskjal (fskj. 1a) með uppfærðum framkvæmdarkostnaði og dreifingu kostnaðar.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður er nú áætlaður 5.181 m.kr. Um nánari sundurliðun vísast til nýs fylgiskjals 1a með viðauka þessum.

Sveitarfélögin munu í fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum gera ráð fyrir kostnaði við framkvæmdir í samræmi við uppfærðar tímasetningar framkvæmda, sbr. 1. gr. viðauka þessa og uppfærðar kostnaðaráætlun sbr. nýtt fylgiskjal (fskj. 1a) með viðauka þessum.

Grein 3 í viðauka við samkomulag frá 7. maí 2018, um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 6. mars 2020, fellur brott

Kópavogi, XX.XX 202X

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Seltjarnarnesbæjar

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1a: Uppfærð framkvæmdaáætlun 2018- 2026 fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, dags. 7. desember 2020.

Fylgiskjal 1a með viðauka II

Uppfærð framkvæmdaáætlun 2018- 2026 fyrir skólasvæði höfuðborgarsvæðisins, dags. 7. desember 2020.

Tilfaga verkefnahóps	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	Samtals
A Undirbúningur framkvæmda	32	10	14	800	1.060	1.010	1.075	625	555	5.181
B Snjóframleiðsla										
1. áfangi. Blálfjöll										
2. áfangi Skálafelli										
C Skólaþyftur										
Blálfjöll										
Ný drottning										
Nýr Gosi										
Eldborgargil 1)										
Kerlingadalur, toglyfta										
Skálafelli										
Endurnýjuð stólaþyfta 1)										
SAMTALS	32	10	14	800	1.060	1.010	1.075	625	555	5.181

Greiðsludreifing á sv.fél.

2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	Samtals
Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	M.kr
18,0	5,6	7,9	450,4	596,8	568,6	605,2	351,9	312,5	2.916,9
5,2	1,6	2,3	130,4	172,8	164,6	175,2	101,9	90,5	844,5
4,1	1,3	1,8	103,2	136,7	130,3	138,7	80,6	71,6	668,3
2,3	0,7	1,0	58,4	77,4	73,7	78,5	45,6	40,5	378,2
1,7	0,5	0,7	41,6	55,1	52,5	55,9	32,5	28,9	269,4
0,6	0,2	0,3	16,0	21,2	20,2	21,5	12,5	11,1	103,6
32,0	10,0	14,0	800,0	1.060,0	1.010,0	1.075,0	625,0	555,0	5.181,0

56,3% Reykjavík
16,3% Kópavogur
12,9% Hafnarfjörður
7,3% Garðabær
5,2% Mosfellsbær
2,0% Seltjarnarnes